



KLÍPUSÖGUR, FYRIR
UNGT FÓLK

SÍÐFERÐIS-
GLIMUR

SIGRÍÐUR INGADÓTTIR
ÍRIS HRONN KRISTINSDÓTTIR

Siðferðisglímur

Klípusögur fyrir ungt fólk

© 2026

Sigríður Ingadóttir

Íris Hrönn Kristinsdóttir



**MIÐSTÖÐ
SKÓLAPRÓUNAR**

Siðferðisglímur

Námsefnið Siðferðisglímur byggir á klípusögum. Klípusögurnar endurspeglar krefjandi aðstæður sem ungt fólk getur staðið frammi fyrir í daglegu lífi.

Markmið námsefnisins er að skapa vettvang fyrir samræður, ígrundun og gagnrýna hugsun þar sem nemendur fá tækifæri til að skoða siðferðileg álitamál frá ólíkum sjónarhornum, rökstyðja skoðanir sínar og hlusta af virðingu á aðra. Lögð er áhersla á þemu sem tengjast vináttu, ábyrgð, virðingu, samskiptum og samfélagi.

Efnið byggir á samræðuaðferðinni ábyrgri samræðu. Ábyrg samræða er námsaðferð þar sem þekking verður til í gegnum samtal. Með ábyrgri samræðu verður samtalið í kennslustofunni eitt helsta verkfæri námsins.

Til að styðja enn frekar við þessa vinnu er stuðst við flokkunarkerfi Bloom. Flokkunarkerfi Bloom styður nemendur í að þróa hugsun sína stig af stigi. Með markvissum spurningum og verkefnum fara nemendur frá því að muna og skilja yfir í að beita þekkingu, greina upplýsingar, leggja mat á hugmyndir og skapa nýjar lausnir.

Ábyrg samræða

Nemendur hlusta, ræða og rökstyðja.

Bloom

Frá skilningi yfir í greiningu og mat.



Siðferðileg menntun felst í því að læra að velja rétt þegar valið er erfitt.

— Dr. Kristján Kristjánsson

Hvernig er efnið byggt upp?

Siðferðisglímur er námsefni sem byggir á klípusögum sem ætlað er að efla samræður, ígrundun og gagnrýna hugsun nemenda. Klípusögurnar fjalla um aðstæður sem ungt fólk getur staðið frammi fyrir í daglegu lífi og tengjast meðal annars vináttu, samskiptum, samfélagsmiðlum, ábyrgð, réttlæti, sjálfsmýnd og fjölbreytileika. Hver klípusaga er hugsuð sem grunnur að einni eða fleiri kennslustundum. Sögurnar má nota stakar eða sem hluta af heildstæðum námsefnispakka. Hægt er að prenta út einstakar sögur og nýta þær á fjölbreyttan hátt í kennslu, til dæmis í hópavinnu, paraumræðum eða sjálfstæðri vinnu nemenda.

Við hverja sögu má finna:

- Tengingu við hæfniviðmið aðalnámskrár.
- Markmið kennslustundarinnar.
- Leiðbeiningar fyrir kennara um undirbúning og framkvæmd.
- Kveikjuspurningar sem virkja fyrri þekkingu og reynslu nemenda.
- Umræðuspurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom.
- Hugmyndir að ígrundun og frekari úrvinnslu.

Spurningarnar eru settar fram samkvæmt flokkunarkerfi Bloom og leiða nemendur stig af stigi frá því að rifja upp og skilja yfir í að beita þekkingu, greina aðstæður, meta ólík sjónarmið og skapa nýjar hugmyndir eða lausnir.

Námsefnið byggir jafnframt á hugmyndafræði ábyrgrar samræðu þar sem nemendur læra að hlusta af virðingu, rökstyðja skoðanir sínar, byggja á hugmyndum annarra og taka þátt í uppbyggilegum samræðum. Markmiðið er ekki að finna eitt rétt svar heldur að skapa vettvang þar sem nemendur geta skoðað siðferðileg álitamál frá ólíkum sjónarhornum og þróað með sér dómgreind, samkennd og hæfni til að takast á við flókin viðfangsefni.

Kennarar eru hvattir til að laga umræðurnar að aldri, þroska og reynslu nemenda. Klípusögurnar eru hugsaðar sem upphafspunktur fyrir samræður og gefa nemendum tækifæri til að velta fyrir sér spurningum sem sjaldan eiga einföld eða augljós svör.

Ábyrg samræða

Ábyrg samræða (e. accountable talk) byggir á markvissum samræðum þar sem nemendur læra að hugsa upphátt, segja frá og rökstyðja hugmyndir sínar, takast á við ólíkar skoðanir og byggja upp sameiginlega þekkingu. Samræðan verður þannig leið til náms, ekki aðeins leið til að miðla svörum.

Þátttaka nemenda í ábyrgri samræðu byggir á:

Þekkingu – nemendur bera ábyrgð á að vísa í staðreyndir, texta eða önnur gögn sem styðja málflutning þeirra.

Röksemdum – nemendur þurfa að útskýra hugsun sína, styðja við skoðanir sínar með rökum og tengja saman hugmyndir.

Virðingu fyrir skoðunum og hugmyndum annarra – nemendur hlusta af athygli, vísa í það sem samnemendur segja og byggja ofan á hugmyndir þeirra.

Þessar grunnstoðir hvetja til dýpri hugsunar og auka virka þátttöku allra nemenda í samræðum. Með reglulegri þjálfun öðlast nemendur meira öryggi í að tjá sig, spyrja spurninga og takast á við flókin viðfangsefni með opnum huga.

Hlutverk kennara í ábyrgri samræðu

Kennari leiðir samræðuna áfram með opnum spurningum, tryggir að allir fái tækifæri til þátttöku og styður nemendur í að tjá sig af virðingu. Kennari hjálpar einnig nemendum að skýra hugsun sína, tengja saman hugmyndir og dýpka samræðuna þegar við á. Mikilvægt er að skapa traust andrúmsloft þar sem ólík sjónarmið fá að heyrast og mistök eru hluti af náminu.

Markmiðið er ekki að finna eitt rétt svar heldur að þjálfa samræður, efla dómgreind, samkennd, gagnrýna hugsun og hæfni til að ræða flókin mál á uppbyggilegan hátt.

Leiðir til ábyrgðar samræðu:

Setjið skýr viðmið fyrir samræður

Minnið nemendur á að hlusta af athygli og virða skoðanir annarra.

Gefið biðtíma

Gefið nemendum tækifæri til að hugsa áður en þeir svara.

Notið opnar spurningar

„Hvernig veistu það?“, „Af hverju heldurðu því fram?“, „Hvaða önnur skýring gæti verið á þessu?“

Biðjið um nánari útskýringar

„Segðu mér meira“, „Geturðu fært rök fyrir þessu?“

Tengið hugmyndir saman

„Er þetta svipað og það sem María sagði?“

Dragið fram mismunandi sjónarmið og hugmyndir

„Eru einhverjir með aðra hugmynd eða detta ykkur í hug fleiri leiðir til að leysa vandann?“

Verið fyrirmyndir í samræðum

Sýnið hvernig má útskýra, tengja hugmyndir og efast á uppbyggilegan hátt.

Virkið alla nemendur

Tryggið að allir fái tækifæri til að taka þátt í samræðunni.

Notið hlutverk í hópnum

Látið nemendur taka að sér hlutverk sem styðja flæði samræðunnar og tryggja þátttöku allra.

Notið samræðustofna

„Ég held... því að...“, „Ég er sammála vegna þess að...“, „Mig langar að bæta við...“

Látið nemendur endurtaka, túlka og meta hugmyndir annarra

Þannig verður umræðan sameiginleg og dýpri.

Þegar þessum leiðum er beitt markvisst læra nemendur smám saman að taka þátt í uppbyggilegum samræðum, hlusta á aðra og rökstyðja eigin skoðanir. Með æfingu verður samræðan eðlilegur hluti af náminu og öflug leið til skilnings og þátttöku.

Samræðustofnar

Samræðustofnar eru setningahlutar sem nemendur geta nýtt til að tjá sig með skýrum og uppbyggilegum hætti. Hægt er að hugsa um samræðustofnana sem eins konar verkfæri sem hjálpa nemendum að fara á dýptina, taka virkan þátt í samræðu, færa rök fyrir máli sínu, tengja hugmyndir og sýna virka hlustun.

Nemendur læra smám saman að nota tungumálið sem tæki til að hugsa og skilja – ekki bara tjá.

Samræðustofnar fyrir ábyrga samræðu

Að hefja umræðu

- Ég held að...
- Mér finnst að...
- Ég tel að...
- Ég sé þetta þannig að...

Að rökstyðja skoðun

- ... vegna þess að... Ástæðan er sú að...
- Ég byggi þetta á...
- Dæmi um þetta er...

Að byggja á hugmynd annarra

- Ég vil bæta við það sem ... sagði.
- Þetta tengist því sem ... nefndi áðan.
- Mig langar að halda áfram með þessa hugmynd.
- Ég sé tengingu við það sem kom fram áðan.

Að vera ósammála

- Ég skil hvað þú átt við en ég skil þetta öðruvísi. Ég er ekki alveg sammála vegna þess að...
- Það má líka líta á þetta á annan hátt.
- Ég hef aðra skoðun og hún er sú að...

Að spyrja nánar

- Geturðu útskýrt þetta betur?
- Hvað áttu við með...?
- Af hverju heldurðu það? Geturðu nefnt dæmi?

Að ígrunda og endurmeta

- Ég sé þetta aðeins öðruvísi.
- Ég hafði ekki hugsað um þetta svona áður.
- Ég er að skipta um skoðun vegna þess að...
- Ég þarf að hugsa þetta betur af því að...

Að draga saman

- Við höfum skoðað fleiri en eitt sjónarmið og niðurstaðan er sú að...
- Það sem við virðumst sammála um er...
- Ef við drögum saman þá kemur í ljós að...

Stutt útgáfa af samræðustofnum

- Ég held...
- Vegna þess að...
- Ég vil bæta við...
- Ég sé þetta öðruvísi...
- Geturðu útskýrt nánar
- Dæmi um þetta er...
- Nú skil ég betur...



Rannsóknir sýna að ábyrg samræða eykur:

- skilning og dýpt í námi
- færni í að rökræða, útskýra, hlusta og túlka
- samkennd og virðingu fyrir ólíkum skoðunum
- þátttöku allra nemenda, líka þeirra sem eru feimnir eða glíma við tungumálhindranir.

Flokkunarkerfi Bloom

Flokkunarkerfi Bloom er gagnlegt verkfæri sem hjálpar kennurum að skipuleggja nám þannig að nemendur fái tækifæri til að þróa hugsun sína stig af stigi. Markmiðið er að færa nemendur frá einföldum skilningi yfir í dýpri úrvinnslu, gagnrýna hugsun og skapandi lausnaleit.

Þegar flokkunarkerfi Bloom er notað í samræðum byrja nemendur á að afla sér grunnþekkingar um ákveðið viðfangsefni og vinna saman að því að ná sameiginlegum skilningi á því sem rætt er um. Þegar sá grunnur er til staðar geta þeir beitt þekkingu sinni, skoðað ólík sjónarmið, greint aðstæður, lagt mat á hugmyndir og sett fram nýjar lausnir.

1

Muna

Nemendur rifja upp staðreyndir, hugtök og upplýsingar.

- Hvað er vitað um þetta viðfangsefni?
- Hvað hefur þegar komið fram?

2

Skilja

Nemendur sýna skilning með því að útskýra eða draga saman.

- Hvernig myndir þú útskýra þetta?
- Hver er meginhugmyndin?
- Af hverju skiptir þetta máli?

3

Þeita

Nemendur nota þekkingu við nýjar aðstæður.

- Hvernig mætti nýta þessa þekkingu?
- Hvað myndir þú gera í svipaðri stöðu?

4

Græina

Nemendur skoða tengsl, orsakir og mismunandi sjónarmið.

- Hvaða þættir hafa áhrif hér?
- Hvaða ólíku sjónarmið koma fram?
- Hver gæti verið orsök eða afleiðing?

5

Meta

Nemendur leggja dóm á hugmyndir og rökstyðja afstöðu sína.

- Hvað finnst þér skynsamlegast og hvers vegna?
- Hvaða lausn er best?

6

Skapa

Nemendur setja fram nýjar hugmyndir eða lausnir.

- Hvaða nýju lausn gætir þú lagt til?
- Hvernig mætti bæta þetta?
- Hvað gætir þú skapað út frá þessu viðfangsefni?

Leiðbeiningar um kennslu

Undirbúningur

- Lestu klípusöguna og umræðuspurningarnar fyrir kennslustundina.
- Skipuleggðu umræðuna þannig að nemendur fái tíma til að hugsa, tjá sig og hlusta á aðra.
- Rifjaðu upp reglur um virðingu, hlustun og þátttöku.

Hafðu í huga að markmiðið er ekki eitt rétt svar heldur ígrunduð umræða.

Framkvæmd

Kveikja

Byrjaðu á að spyrja nemendur opinna spurninga sem tengjast viðfangsefni sögunnar.

Lestur

Nemendur lesa söguna saman, í þörum eða í litlum hópum.

Umræður

Notaðu spurningarnar sem fylgja sögunni til að leiða og dýpka samræðuna með nemendum.

Ígrundun

Ljúktu samræðunum með því að leggja fyrir stutta ritun, paraumræðu eða sameiginlega samantekt.

Hlutverk kennara

Hvettu nemendur til að:

- hlusta af athygli
- virða ólík sjónarmið
- rökstyðja skoðanir sínar
- byggja á hugmyndum annarra
- spyrja spurninga sem dýpka samræðuna.

Klípusögur

Í sögunum er tekið á fjölbreyttum viðfangsefnum sem tengjast daglegu lífi unglinga, samskiptum, sjálfsmynd og siðferðilegri ákvarðanatöku. Viðfangsefnin eru í takt við tíðarandann og líkleg til að vekja umræður meðal nemenda.

Samskipti á netinu og samfélagsmiðlar

- trúnaður og leyndarmál, netöryggi og ábyrg netnotkun
- hvenær á að segja frá?

Vinátta og sambönd

- óskrifaðar reglur í vináttu, hollusta og afbrýðisemi
- vinaslit og breytingar í vinahópum

Félagsleg staða og útilokun

- einmanaleiki
- að tilheyra hópi
- hugrekki til að hjálpa öðrum

Fordómar og fjölbreytileiki

- menningarmunur og trúarbrögð
- staðalmyndir og mismunur
- virðing fyrir fjölbreytileika

Misskilningur

- orð sem særa
- ásetningur og áhrif
- afsökunarbeiðnir

Uppeldi og mörk

- reglur og afleiðingar
- réttlæti og sanngirni
- traust milli foreldra og unglunga

Sjálfsmynd og gildi

- að vera maður sjálfur
- hópþrýstingur
- hugrekki til að standa með sér

Hugsun og siðferði

- ólík sjónarmið
- afleiðingar gjörða
- dómgreind og ígrundun

Á ég að segja frá?

Petra og Gísli eru í 10. bekk og hafa verið vinir síðan í 2. bekk. Þau eru í sama vinarhópi og treysta hvort öðru fyrir ýmsu. Sandra er einnig í þessum vinarhópi og þær Petra deila oft leyndarmálum sín á milli.

Einn daginn fær Petra skilaboð frá Söndru. Það eru nokkur skjáskot úr einkaspjalli á Snapchat þar sem Gísli segir frá því að hann hafi logið til um aldur sinn og sent eldri manni óviðeigandi myndir af sér. Hann segist sjá eftir þessu en veit ekki hvernig hann á að losna úr aðstæðunum. Sandra er áhyggjufull, veit ekki hvort þær eigi að gera eitthvað en hún bað Petru samt um að segja engum frá þessu.

Petra er í klemmu. Hún veit að þetta getur verið hættulegt fyrir Gísli, en hún lofaði Söndru að segja ekki frá. Hún veit líka að ef hún segir foreldrum sínum eða foreldrum hans frá þessu þá gæti Gísli misst traustið á henni og orðið reiður. Hins vegar getur hættan orðið meiri ef enginn fullorðinn veit af þessu.

Til umhugsunar

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Á ég að segja frá?

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Hvað þýðir að vera góður vinur?

Hvenær gæti verið rétt að segja frá einhverju sem vinur hefur gert?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hvað gerðist í sögunni? Hverjir eru aðalpersónurnar?

Skilningur: Hvers vegna er Petra í siðferðislegri klemmu? Hvaða afleiðingar gæti það haft fyrir hana að segja eða segja ekki frá?

Beiting: Hafið þið einhvern tíma heyrt um eða lent í svipuðum aðstæðum? Hvernig var brugðist við?

Greining: Hvaða gildi og siðferðileg álitamál takast á í þessari sögu? Hvernig eru aðstæður mismunandi hjá þeim sem koma við sögu?

Mat: Hverjar eru mögulegar afleiðingar þess að Petra segi frá eða haldi trúnað og segi ekki frá? Hvað mynduð þið gera í hennar sporum og hvers vegna?

Sköpun: Hver gætu viðbrögð Petru verið í þessu máli? Hvernig gæti sagan þróast á annan hátt?

Hvetjið nemendur til að:

- Vísa í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að gefa nemendum tækifæri til að vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um hvað felst í vináttu eða skilaboð til annarra um ábyrga samfélagsmiðlanotkun.

Hvetjið þá til að ræða áfram um ábyrgð á samfélagsmiðlum og vináttu utan skólastofunnar.

Eru þetta svik?

Sara er nýlega farin að kynnst Alex, strák sem hún hefur stundum séð í gegnum sameiginlegan vinahóp, en aldrei rætt mikið við áður. Þau byrja að spjalla meira á samfélagsmiðlum, skiptast á myndum myndböndum og smám saman þróast sambandið í eitthvað meira. Sara er mjög spennt fyrir Alex og telur sig vera mjög hrifna í fyrsta sinn.

Einn daginn, þegar hún segir frá þessu í vinahópnum sínum, tekur Gurrý, ein vinkona hennar úr þessum vinahóp, hana afsíðis og minnir hana á að fyrir nokkrum mánuðum var hún sjálf að „hitta“ Alex í smá tíma – ekkert alvarlegt, en þau fóru tvisvar saman í bíó og kysstust nokkrum sinnum.

Gurrý segir ekki beint að Sara megi ekki vera með honum en hún virðist vera sár. Hún spyr: „*Vissirðu ekki að við vorum einu sinni smá að hittast?*“ og bætir svo við: „*En þú gerir bara það sem þú vilt.*“

Sara vissi af þessu en hélt að það væri ekkert mál. Nú veit hún ekki hvað hún á að gera. Hún vill ekki særa Gurrý en hún vill líka halda áfram að hitta Alex. Hún spyr sig hvort hún sé að brjóta einhverja óskrifaða reglu um vináttu.

Til umhugsunar

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Eru þetta svik?

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Hver er munurinn á því að vera að hitta einhvern og að vera saman?

Hver stjórnar því hvern maður er að hitta?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hvað hét strákurinn sem Sara var að kynnst? Hvað sagði Gurrý við Söru um varðandi fortíð sína og Alex?

Skilningur: Af hverju finnst Söru þetta vera erfið staða? Hvernig túlkar þú orð Gurrýjar: „En þú gerir bara það sem þú vilt“?

Beiting: Hvað myndir þú gera ef þú værir í sporum Söru? Hefur þú eða einhver sem þú þekkir eða kannast við og lent í einhverju svipuðu? Hvernig var brugðist við?

Greining: Hver eru helstu sjónarhornin í þessari sögu (t.d. sjónarhorn Söru, Gurrýjar, Alex)? Hvaða tilfinningar og gildi rekast á í sögunni?

Mat: Væri það rétt af Söru að halda áfram að hitta Alex án þess að ræða það almennilega við Gurrý, af hverju/af hverju ekki? Finnst þér að Gurrý hafi rétt á að vera sár, jafnvel þótt sambandið hafi ekki verið alvarlegt?

Sköpun: Búðu til annað mögulegt framhald sögunnar þar sem Sara tekur ákvörðun – hvað gerist svo? Gerðu lista yfir „óskrifaðar reglur“ í vináttu sem þér finnst skipta máli – eru þær sanngjarnar?

Hvetjið nemendur til að:

- Vísu í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að láta nemendur vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um hvað felst í vináttu eða hvort og þá hvernig boð og bönn virka þegar það kemur að stefnumóta menningu.

Hvað býr hér að baki?

Í bekknum hennar Petrúnellu, samfélagsfræðikennara, situr Yusuf sem flutti til Íslands frá Jórdaníu fyrir rúmu ári. Hann er oft fámáll í tímum, forðast augnsamband og tekur ekki virkan þátt í umræðum – sérstaklega þegar Petrúnella talar beint til hans. Hún tekur eftir að þegar hún leiðréttir hann eða biður hann að skila verkefnum, svarar hann oft snubbótt eða lætur eins og hún sé ekki til staðar.

Sama gildir ekki þegar Guðmundur, stuðningsfulltrúi í bekknum, biður Yusuf um að gera eitthvað. Þá hlýðir hann strax, svarar kurteislega og virðist ekki eiga í neinum samskiptavanda.

Eftir nokkrar vikur verður þetta augljósara. Í einni kennslustund neitar Yusuf að taka þátt í hópverkefni. Þegar Guðmundur fer að ræða við hann undir fjögur augu gengur allt greiðlega. Þegar Petrúnella spyr Guðmund hvað hafi breyst, segir hann „Ég held bara að hann virði mig kannski meira. Kannski tengist það bara því hvernig hann er alinn upp? Þeir koma stundum úr menningu þar sem karlar eru teknir alvarlegar en konur.“

Petrúnella er ekki viss hvort hún eigi að vera reið eða sorgmædd. Hún vill vera með neinar afhæfingar – en eitthvað þarf að gera því þetta gengur ekki svona. Í kaffistofunni deilir hún áhyggjum sínum með samstarfskennara. Sú svarar hiklaust „Þetta er bara þannig í menningu múslima. Þeir bera ekki sömu virðingu fyrir konum og við erum vön hér.“

Daginn eftir ákveður Petrúnella að ræða beint við Yusuf. „Mér finnst þú eiga auðveldara með að hlusta á Guðmund en mig. Finnst þér erfitt að taka leiðsögn frá konu?“ Yusuf horfir á hana, örlítið stífur í svip „Þetta snýst ekki um konur eða karlmenn. Ég hlusta á þá sem sýna mér virðingu og hlusta á mig líka. Kannski finnst mér Guðmundur gera það betur.“

Petrúnella verður hugsi. Kannski var hún sjálf að draga of einfaldar ályktanir. En samt situr spurningin eftir: Á bakvið mismuninn í viðbrögðum – er eitthvað menningarlegt? Eða eitthvað persónulegt? Eða hvoru tveggja?

Til umhugsunar

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Hvað býr hér að baki?

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Af hverju eru samskipti milli nemenda og kennara ekki alltaf jákvæð?

Hver er ábyrgð kennara í samskiptum við nemendur?

Hver er ábyrgð nemenda í samskiptum við kennara?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hverjir eru helstu aðilar í sögunni og hvernig tengjast þeir hvor öðrum? Hvernig bregst Yusuf við leiðsögn Petrunelli? Hvað gerir hann öðruvísi þegar Guðmundur biður hann um eitthvað?

Skilningur: Hvers vegna heldur Petrunella að Yusuf sýni henni minni virðingu en Guðmundi? Hvað meinar Yusuf þegar hann segir: „Ég hlusta á þá sem sýna mér virðingu og hlusta á mig líka“?

Beiting: Ef þú værir í aðstæðum Petrunelli, hvernig myndir þú bregðast við hegðun Yusuf? Hvernig myndir þú reyna að byggja upp traust við einhvern sem virðist forðast samskipti við þig?

Greining: Hvaða ályktanir dregur Petrunella um hegðun Yusuf og á hverju eru þær byggðar? Hver er munurinn á einstaklingsbundinni hegðun og menningarlegu mynstri í þessari sögu?

Mat: Var rétt hjá Petrunelli að tengja hegðun Yusuf við kyn og menningu hans? Útskýrðu af hverju eða af hverju ekki. Er réttlæt看legt að kennari eða starfsmaður í skóla taki tillit til menningarlegra munstra þegar hann metur hegðun nemanda?

Sköpun: Búðu til samtal milli Petrunelli og Yusuf þar sem þau reyna að skilja hvort annað betur og ræða virðingu. Hvernig gæti skólinn brugðist við ef fleiri kennarar upplifa að kyn þeirra hafi áhrif á virðingu nemenda?

Hvetjið nemendur til að:

- Vísa í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að láta nemendur vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um hvað felst í að koma fram af virðingu sem kennari og sem nemandi.

Of mikil refsing?

Elena, fimmtán ára, hefur undanfarið verið að prófa að hafa nikótínþúða í vörinni – mest af því að nokkrir í vínahópnum gera það. Hún finnur sjálf ekki mikla þörf fyrir þetta, en vill ekki standa utan hópsins, sérstaklega þar sem hún hefur ekki verið innan um þennan hóp lengi og var þar á undan ekki í neinum vínahópi.

Í frímínútum einn daginn eru hún og nokkrir aðrir gripin af kennara. Málið er tilkynnt til skólans og síðan til foreldra.

Foreldrar Elenu verða fyrir miklum vonbrigðum og segjast vera algerlega slegin yfir því að hún hafi „verið að nota nikótínþúða“. Þau ákveða að setja henni strangar skorður:

- Hún fær viku síma- og útivistarbann.
- Hún má ekki hitta vini sína eftir kvöldmat.
- Hún þarf líka að skrifa persónulega afsökunarbeiðni til skólans.

Elenu finnst refsingin ósanngjörn og særandi, sérstaklega þegar hún kemst að því að besta vinkona hennar, sem einnig var gripin með þúða í vörinni, fékk aðeins smá skammir heiman fyrir – en fékk enga frekari afleiðingar.

Elena upplifir að það sé tekið miklu harðar á henni en öðrum sem hafa gert það sama. Hún fer að velta fyrir sér hvort foreldrarnir séu að reyna að stjórna henni eða hvort þau einfaldlega treysti henni ekki. Henni finnst hún vanmetin og einmanna – og líður illa yfir því að missa tengsl við bæði vini sína og stuðning heima fyrir.

Til umhugsunar

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Of mikil ræfing?

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Hvað þýðir að hafa réttindi og skyldur?

Hvert er hlutverk foreldra gagnvart börnum sínum?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hvað gerðist í frímínútunum sem varð til þess að Elena lenti í vandræðum? Hver var refsingin sem Elena fékk?

Skilningur: Hvers vegna ákváðu foreldrar Elenu að refsa henni svona harkalega? Hvað segir munurinn á viðbrögðum foreldra Elenu og foreldra vinkonunnar um mismunandi áherslur í uppeldinu?

Beiting: Hvað gætir þú gert ef vinur þinn eða vinkona þín væri í svipaðri stöðu og Elena? Hvernig væri hægt að ræða við foreldra án þess að rífrildi skapist?

Greining: Hvaða þættir hafa áhrif á hvernig foreldrarnir bregðast við? (t.d. traust, fyrri reynsla, samskiptamynstur)? Hvernig gætu þessar refsiaðgerðir haft áhrif á samband Elenu við foreldra sína til lengri tíma?

Mat: Telur þú að refsingin sem Elena fékk hafi verið réttlát? Af hverju / af hverju ekki? Er sanngirni mikilvægari en „sterk skilaboð“ þegar kemur að því að aga unglunga?

Sköpun: Búðu til samtal milli Elenu og foreldra hennar þar sem þau reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Skrifaðu annan endi á söguna þar sem Elena finnur leið til að taka ábyrgð án þess að einangrast.

Hvetjið nemendur til að:

- Vísu í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að láta nemendur vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um af hverju/af hverju ekki er nauðsynlegt að nota refsingar eða hvernig er hægt að ala upp börnin þannig að þau læra mismuninn á réttu og röngu og læri að ætla ábyrgð.

Þú meinar það örugglega ekki svona?

Amir hefur búið á Íslandi í sex ár eftir að fjölskylda hans flutti hingað frá Íran. Hann er opinskár, fyndinn og vinamargur – en stundum upplifir hann að fólk misskilji hann. Í nýja hópverkefninu í samfélagsfræði eru þau fjögur saman: Amir, Sunna, Pétur og Rósa. Verkefnið gengur ágætlega, en eitt skiptið í vinnu skjóta þau á hvort annað með gamansemi. Þau eru að vinna í stofu eftir skóla og stemningin er létt.

Rósa er klædd í cropped peysu og frekar stutt pils og er með skartgripum sem hún segir sjálf vera „inspo frá TikTok“. Þegar hún stendur upp til að sækja hleðslutæki, brosir Amir og segir í gamni: „Vá, svona mætti maður sko ekki klæða sig í gamla heimalandinu mínu. Þeir myndu örugglega bjóða þér teppi.“ Allir hlæja, nema Rósa sem þagnar og lítur undrandi á hann.

Daginn eftir mætir hún ekki í hópvinna. Þegar Sunna hittir hana í matsalnum segir Rósa: „Mér fannst Amir dæma mig. Það er eins og hann hafi verið að segja að ég klæði mig illa eða ósiðlega – og mér fannst það ekki fyndið.“

Amir fær seinna að heyra þetta og er hissa. Hann segir: „Ég var að gera grín að reglunum í Íran – ekki henni! Ég myndi aldrei dæma hana svona.“ Pétur spyr: „En hvernig áttum við að vita það? Kannski hljómaði þetta bara illa.“

Nú er skritin stemning í hópnum og þau vita ekki hvernig þau eiga að halda áfram saman. Amir vill fá að útskýra sína hlið en er líka sár yfir því að hann sé talinn fordómafullur. Rósa segir að hún hafi ekki fengið tækifæri til að segja frá sínum tilfinningum.

Til umhugsunar

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Þú meinar það örugglega ekki svona?

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Hvenær veit maður hvort maður er að taka eitthvað of persónulega?

Hvað verður til þess að ekki allir skilja hlutina eins?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hvað sagði Amir við Rósu sem olli misskilningi? Hvað sagði Rósa við Sunnu daginn eftir atvikið?

Skilningur: Af hverju fannst Rósa þessi athugasemd særandi? Hvernig túlkaði Amir eigin orð og tilgang þeirra?

Beiting: Hvernig myndir þú bregðast við ef þú værir Rósa? Hvað gætir þú gert ef þú værir í hópnum og sæir að misskilningur væri að verða til?

Greining: Hver er munurinn á því hvernig Rósa og Amir skildu samtalið? Hvernig getur bakgrunnur og menningaráhrif mótað hvernig fólk skilur brandara eða athugasemdir?

Mat: Ætti Amir að biðjast afsökunar, jafnvel þótt hann hafi ekki ætlað að meiða? Voru viðbrögð Rósu réttlætanlegt? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?

Sköpun: Búðu til samtal þar sem Amir útskýrir fyrir Rósu hvað hann meinti – og þau ná sáttum.

Hvetjið nemendur til að:

- Vísa í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að láta nemendur vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um hvernig er best að haga sér í samskiptum við aðra og velta fyrir sér hvort það skipti máli hvaðan fólk kemur?

Þú þarft ekki að fela þig

Tamila er 16 ára og flutti til Íslands frá Marokkó fyrir rúmu ári. Hún talar smá íslensku og er að reyna að aðlagast nýju umhverfi. Hún klæðist hijab og velur oft víðan fatnað í samræmi við trú sína og hefðir fjölskyldunnar. Hún er hlédræg en samt áhugasöm um að eignast vini og taka þátt í því sem er verið að gera í skólanum og félagsmiðstöðinni.

Í leiklistarvali í skólanum fær hún lítið hlutverk í hópsýningu. Hún mætti á fyrstu tvær æfingarnar og tók eftir því að nokkrar stelpur forðast hana. Eftir seinni æfinguna heyrði hún eina þeirra hvísla: „Af hverju er hún alltaf í klút? Þetta er leiklist og eiginlega ekki hægt að vera alltaf með klút.“

Þær hlæja lágt og snúa sér undan. Tamila skilur ekki öll orðin en veit að þær eru að tala um sig. Hún spyr sig: „Af hverju er þær að hlæja að mér? Er það út af klæðnaðinum mínum?“

Heima segir hún við mömmu sína „Kannski ætti ég að taka klútinn af í skólanum. Það er eins og fólk sjái bara hann – ekki mig.“ Móðir hennar segir við hana „Ef þú vilt það, þá skaltu gera það – en ekki til að fela hver þú ert.“

Næsta dag mætir Tamila aftur – með hijabinn sinn en er samt mjög óviss því hún veit ekki hvort hún eigi að halda í eigin venjur eða reyna að „blandast inn“ til að forðast athugasemdir. Hún vill ekki vera útilokuð – en hún vill líka vera hún sjálf.

Til umhugsunar

- Um hvað fjallar sagan?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Þú þarf ekki að fela þig

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Af hverju stafa fordómar?

Hvað eru fordómar?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hvað sagði stelpa eftir æfinguna sem særði Tamilu? Hvaðan er Tamila og hvað hefur hún búið lengi á Íslandi?

Skilningur: Hvers vegna vildi Tamila íhuga að taka hijabinn af sér í skólanum? Hvernig tengist klæðnaður Samiru trú hennar og sjálfsmynd?

Beiting: Hvernig myndir þú bregðast við ef þú værir Tamila í þessari stöðu? Hvað getur skólafélagi gert til að sýna Tamilu stuðning og velkomin?

Greining: Hver eru merki um að Tamila upplifi fordóma, jafnvel án þess að eitthvað sé sagt beint við hana? Hvaða áhrif getur það haft á einstakling þegar hópur sér einungis eitt einkenni – eins og trúarlegan klæðnað – í stað þess að sjá heildarpersónuna?

Mat: Ætti Tamila að halda í eigin klæðnað og trú jafnvel þótt hún upplifi útilokun? Er það ábyrgð Tamilu að breyta sér – eða samfélagsins að aðlagast fjölbreytileika?

Sköpun: Búðu til samtal milli Tamilu og stelpnanna úr hópnum þar sem þær ræða fordóma og skilning. Hvernig gæti skólinn brugðist við til að stuðla að meiri virðingu og skilningi milli nemenda með ólíkan bakgrunn?

Hvetjið nemendur til að:

- Vísa í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að láta nemendur vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um hvernig er best að haga sér í samskiptum við aðra og velta fyrir sér hvort það skipti máli hvaðan fólk kemur?

Vinaslit

Aron og Mikael, báðir í 10. bekk, voru óaðskiljanlegir bestu vinir í mörg ár, en fyrir nokkrum mánuðum fjarlægðust þeir hvor annan smám saman. Það var engin stór ástæða fyrir vinaslitunum – þau gerðust bara. Mikael fann fljótt nýjan vinahóp, en Aron átti erfiðara með að finna sinn stað. Hann hefur reynt að tengjast nýju fólki, en honum finnst sér alltaf annaðhvort ýtt til hliðar, eða ekki boðið með og enginn virðist vilja vera með honum.

Kristófer, strákur úr nýja vinahópi Mikael, tekur eftir því hversu einmana Aron virðist vera. Honum finnst það óþægilegt og langar að hjálpa, en vinir hans líta á Aron sem leiðinlegan og uppáþrengjandi. Þeir segja Kristófer að Aron hafi bara komið sér sjálfum í þessa stöðu – því að hann sé svo uppáþrengjandi og frekur og að ef hann væri ekki svona frekur, þá myndi fólk vilja umgangast hann.

Til umhugsunar

- Hvað fjallar sagan um?
- Hvaða áskorun eða vandamáli standa persónurnar frammi fyrir?
- Hvaða ólík sjónarmið eða lausnir sjáið þið í sögunni?

Vinaslit

Markmið kennslustundarinnar er að nemendur ígrundi og ræði siðferðislegt álitamál tengt samfélagsmiðlum. Með því að styðjast við klípusöguna og spurningar sem byggja á hugmyndum Benjamin Bloom um sex stig þekkingarsviðs er verið að efla gagnrýna hugsun, siðferðisvitund og hæfni nemenda til þess í að taka þátt í ábyrgri samræðu.

Tenging við hæfniviðmið aðalnámskrár

Gagnrýnar umræður: Að spyrja fjölbreyttra spurninga og taka þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðisleg málefni frá mismunandi sjónarhornum.

Tilfinningar: Að þekkja margbreytileika eigin tilfinninga og benda á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.

Trú og lífsviðhorf: Að fást við og greina viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.

Undirbúningur kennara

Lestu söguna og kynntu þér spurningarnar sem fylgja áður en kennslan hefst. Undirbúðu afslappað og öruggt umhverfi fyrir samræðu þar sem nemendur fá að tjá sig frjálst en á uppbyggilegan hátt. Mundu að hafa í huga hugmyndafræði ábyrgrar samræðu með áherslu á virka hlustun, rökstuðning og virðingu í samræðum.

Framkvæmd kennslustundar

1. Kveikja og undirbúningur fyrir samræður.

Byrjaðu á að spyrja nemendur:

Af hverju verða vinaslit?

Hver er ábyrgð okkar gagnvart fyrrum vinum?

Skrifaðu svör nemenda á töflu/fletti töflu þannig að svörin verði sýnileg.

Rifjið upp reglur um ábyrgar samræður. Leggið áherslu á að nemendur hlusti hver á annan af virðingu, rökstyðji skoðanir sínar og byggi á eigin hugmyndum sem og hugmyndum annarra.

2. Lesa og skilja söguna

Lesið söguna fyrir nemendur eða nemendur lesa hana í litlum hópum. Gefðu nemendum nokkrar mínútur til að melta söguna og spjalla saman um efnistökin.

3. Umræður með áherslu á ábyrga samræðu

Notið spurningar sem byggja á flokkunarkerfi Bloom til að leiða samræðuna.

Þekking: Hverjir eru aðalpersónurnar í sögunni? Hvað gerðist á milli Arons og Miklaels sem leiddi til þess að þeir fjarlægðust hvor annan?

Skilningur: Af hverju á Aron erfitt með að finna nýjan vinahóp? Hvað meina vinir Kristófers þegar þeir segja að Aron sé „búinn að koma sér sjálfur í þessa stöðu“?

Beiting: Ef þú værir Kristófer, hvernig myndirðu nálgast þessa stöðu? Hvaða aðferðir gæti Aron notað til að mynda ný tengsl við aðra?

Greining: Hverjar eru mismunandi hliðar þessarar klípu? Hvernig er hægt að skilja sjónarmið allra aðila? Hverjar gætu verið raunverulegar ástæður þess að vinir Kristófers líta á Aron sem yfirgangssaman og uppþrengjandi?

Mat: Heldurðu að vinahópur Kristófers sé sanngjarn í mati sínu á Aroni? Af hverju eða af hverju ekki? Hverjar gætu verið afleiðingarnar ef Kristófer ákveður að hjálpa Aroni?

Sköpun: Hvernig gæti sagan þróast áfram ef Kristófer tæki ákvörðun um að hjálpa Aroni? Skrifðu nýjan endi á söguna þar sem Aron finnur leið til að mynda ný vinasambönd.

Hvetjið nemendur til að:

- Vísa í textann eða raunveruleg dæmi.
- Spyrja spurninga til að dýpka umræðuna.
- Notast við „ég skilaboð“ eins og „Mér finnst... vegna þess að...“ og „Ég er sammála/ ósammála vegna þess að...“

4. Ígrundun og frekari úrvinnsla

Mikilvægt er að láta nemendur vinna úr samræðunum, t.d. skrifa hugleiðingu um hvers konar hegðun er æskileg í vinahópum og hvað er það sem fær fólk til þess að nenna ekki að vera með ákveðnum aðilum.